

Alþingi, nefndarsvið
Kirkjustræti
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 21. janúar 2014 R2014010025
T-ums 01/14

Alþingi
Erindi nr. P 143/870
komudagur 21.1.2014

**Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um framkvæmdarvald og
stjórnsýslu ríkisins í héraði - 250. mál, þskj. 458**

Ríkisskattstjóri hefur þann 17. janúar 2014 móttengið tölvupóst þar sem gefinn er kostur á að veita umsögn um ofangreint þingmál.

Frumvarpið felur í sér heildarendurskoðun laga um framkvæmdarvald ríkisins í héraði og að sýslumannsembættum verði fækkað úr 24 í níu.


Með bréf dags. 3. júlí 2012 sendi ríkisskattstjóri svohljóðandi umsögn vegna frumvarps sama efnis sem lagt var fram á 140. löggjafarþingi:

„Af þessu tilefni vill ríkisskattstjóri benda á að í janúar 2010 voru embætti skattstjóra sameinuð embætti ríkisskattstjóra. Það er mat ríkisskattstjóra að sú sameining hafi verið tímabær og nauðsynleg. Augljós afleiðing sameiningarinnar hefur verið samræmd skattframkvæmd og má gera ráð fyrir að verði frumvarp það sem hér er til umsagnar samþykkt sem lög þá muni samræming í innheimtu opinberra gjalda verða meiri. Af þeim sökum mælir ríkisskattstjóri með samþykkt frumvarpsins.

Jafnframt vill ríkisskattstjóri benda á að mikilvægt sé að skýr sýn verði fyrir hendi þegar kemur að sameiningunni sjálfri og að fullt samráð verði við starfsmenn hlutaðeigandi stofnana. Án samráðs við starfsmenn og þeirrar hugmyndavinnu sem nauðsynlega þarf að fara fram, er hætt við að sameining stofnana verði brothættari og nauðsynlegar umbætur á stjórnsýslunni verði fyrir bragðið ekki eins árangursríkar.“

Ríkisskattstjóri leyfir sér að áréttu framangreind sjónarmið.

Virðingarfyllst


Skúli Eggert Þórðarson


Guðrún J. Jónsdóttir